



Fundargerð

387. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 12. nóvember 2015 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst, samþykkt að taka það undir önnur mál, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 386. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 8. október 2015.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Mennta- og menningarmálanefnd 11. nóvember 2015.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

1. 1511013 – Verkferlar fyrir tómstundastarf.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2. 1511010 – Leikskóladeild og jólafrí.

Sveitarstjórn samþykkir lokun leikskóladeildar Reykhólaskóla á milli jóla og nýárs. Samþykkt samhljóða.

3. 1511011 – Skólaakstur.

VP vék af fundi.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við skólabílstjóra um stækkun skólabílfreiðar á leiðinni Reykhólar - Gróustaðir og framlengingu núverandi aksturssamninga um eitt tímabil. Samþykkt samhljóða.

VP kom aftur inn á fundinn.

4. 1511012 – Fjölgun barna og starfsmanna á leikskóladeild.

Lagt fram.

5. 1511015 – Skólastefna Reykhólahrepps.

Lagt fram.

6. **1507002 – Listamannaping 16. maí 2015, tillaga.**

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu

1. **1511004 – Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2016-2019.**

Fyrri umræða.

Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps lögð fram til fyrri umræðu.

Sveitarstjóri leggur til að áætluninni verði vísað til nefnda og síðan til síðari umræðu.

Samþykkt samhljóða.

2. **1511005 – Rekstraryfirlit janúar-september 2015, útkomuspá.**

Rekstraryfirlit vegna reksturs Reykhólahrepps jan.-sept. lagt fram.

Rekstur flestra deilda er á áætlun, fyrir utan launahækkunir í tengslum við nýtt starfsmat sem gera þarf ráð fyrir í viðauka við fjárhagsáætlun. Þá eru tekjur vegna útsvars og frá Jöfnunarsjóði hærri en gert var ráð fyrir og verður hægt að mæta launahækkunum með þeim.

3. **1511008 – Fjárhagsáætlun, viðaukar og samanburður við niðurstöðu ársreiknings 2014.**

Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og drög að svarbréfi.

Sveitarstjóri lagði fram drög að svarbréfi til Eftirlitsnefndarinnar. Sveitarstjórn samþykkir drögin samhljóða. Sveitarstjóra falið að koma svarbréfinu áfram.

4. **1502024 – Stjórnsýsla í Flatey.**

Erindi frá íbúum í Flatey, dagsett 2. nóvember 2015, varðandi viðhorf sveitarstjórnar til þess að stjórnsýsla Flateyjar færist til Stykkishólms.

Lagt er fram erindi 6 íbúa Flateyjar og eru það allir íbúar eyjunnar sem þar hafa lögheimili og njóta þjónustu sveitarfélagsins. Í Flatey eru mörg hús, flest í eigu íbúa annarra sveitarfélaga og njóta því takmarkaðrar þjónustu hjá sveitarfélaginu t.d. í formi skipulags-, vatnsveitu- og sorpþjónustu. Þá á einn íbúi í viðbót lögheimili í eyjunum.

Miklir hagsmunir eru fólgnir í því að stjórnsýsla um Flatey (Flateyjarhreppi hinum forna) sé í höndum Reykhólahrepps. Flatey er órjúfanlegur þáttur af sögu landsvæðisins sem nú er Reykhólahreppur bæði í ættfræðilegu og menningarlegu tilliti. Reykhólahreppur á mikið land í Flatey og myndi ekki hafa hagbót af því að Stykkishólmsbær færi með stjórnsýslu eyjunnar, þá markar eyjan einnig það svæði sem heyrir undir Reykhólahrepp í víðari skilningi, þ.e. undirstaða þorpsins á Reykhólum veltur á því að Þörungaverksmiðjan geti sótt um eyjarnar þang og þara. Sveitarstjórn Reykhólahrepps á erfitt með að sjá grundvöll fyrir því að það gæti komið íbúum Flateyjar betur ef stjórnsýsla eyjunnar heyrði undir Stykkishólmbæ. Íbúar í Flatey sækja þjónustu í Stykkishólm, verslanir og fl. það á líka við um aðra íbúa sveitarfélagsins, þó þeir leiti til Búðardals, Hólmavíkur eða Reykjavíkur. Þeir þættir sem falla undir þjónustu sveitarfélags hefur Reykhólahreppur sinnt eftir bestu getu, eins og félagsþjónustu, þjónustu byggingafulltrúa og fl. og hafa íbúar ekki þurft að sækja þá þjónustu annað, alltaf má gera samninga á milli sveitarfélaga um tiltekna þjónustu henti það íbúum betur, það gæti átt við um félagsstarfa aldraðra og þ.h. En betur má ef duga skal og hafa íbúar með erindi sínu komið á framfæri við

sveitarstjórn að þeim finnist þeir ekki tilheyra sveitarfélaginu að fullu. Það verður því verkefni sveitarfélagsins að taka betur utan um íbúana og gera þá að meiri þátttakendum í daglegri stjórnsýslu og tekur sveitarstjórn því verkefni fagnandi og mun gera sitt besta. Sveitarstjórn Reykhólahrepps leggst gegn því að stjórnsýsla Flateyjar færist til Stykkishólmsbæjar.

5. 1511007 – Aukaping Fjórðungssambands Vestfirðinga 4. nóvember 2015.

1. Kjörbréf fulltrúa Reykhólahrepps.

Lagt er fram kjörbréf fulltrúa Reykhólahrepps, Karls Kristjánssonar, á aukapingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var 4. nóvember og er það formlega samþykkt samhljóða, en Karl fór með öll atkvæði sveitarfélagsins á þinginu.

2. Ályktun þingsins.

Lögð er fram ályktun þingsins er varðar útvegum velferðarráðuneytis á ráðgjafapjónstu til sveitarfélaganna á Vestfirðum til að koma til móts við þær þröngu tekjur sem sveitarfélögunum er gert að komast af með í málafllokki málefna fatlaðs fólks.

6. 1511002 – Stofnun öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

1. Erindi frá undirbúningsnefnd dagsett 26. október 2015.
2. Fundargerð undirbúningsnefndar frá 19. október 2015.
3. Drög að erindisbréfi fyrir öldungaráð.
4. Samþykkt frá fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 27. október 2015.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir stofnun Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps og erindisbréf fyrir ráðið. Vilberg Þráinsson og Sandra Rún Björnsdóttir kjörin aðalmenn í Öldungaráði. Karl Kristjánsson og Áslaug Guttormsdóttir eru kjörir varamenn. Samþykkt samhljóða.

7. 1510012 – Kaup á bifreið fyrir áhaldahús.

Ástandsskoðun og kaupsamningur.

Sveitarstjórn samþykkir formlega kaup á bifreiðinni VP N68 af gerðinni VW Caddy. Kaupverð kr. 1.760.800. Frestað er kaupum á gámum á gámasvæði til næsta árs og fjármunir fluttir til í viðauka við fjárhagsáætlun um 1,5 milljón, rest er mætt með auknum tekjum. Samþykkt samhljóða.

8. 1511003 – Húsnæði fyrir félagsmiðstöð.

Erindi frá æskulýðsfulltrúa dagsett 26. október 2015.

Erindinu vísað til mennta- og menningarmálanefndar til umfjöllunar. Samþykkt samhljóða.

9. 1509002 – Leigusamningur um Kötluland 139665.

Drög að samningi við Berg Prastarson og Birgittu Jónasdóttur.

Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra og KK umboð til að ganga frá samningi við ofangreinda aðila um leigu á Kötlulandi 139665. Samþykkt samhljóða.

10. 1509007 – Kosning í nefndir.

1. Aðalmaður og kosning varamanna í kjörnefnd.

Bergljót Bjarnadóttir annar aðalmaður og Þórarinn Ólafsson fyrsti varamaður í kjörstjórn hafa flutt lögheimili sitt í annað sveitarfélag og hafa því misst kjörgengi

sitt. Leifur Z. Samúelsson, fyrsti varamaður kjörstjórnar, færist upp í þriðja aðalmann kjörstjórnar og Andrea Björnsdóttir verður fyrsti varamaður. Nýir varamenn eru kjörin Ingvar Samúelsson og Ingibjörg Smáradóttir. Samþykkt samhljóða.

2. Kosning aðalmanns og varamanns í stjórn Bata- og hlunnindasýningarinnar ehf. Kosinn er nýr aðal- og varamaður í stjórn Bata- og hlunnindasýningarinnar ehf. María Maack er kjörin aðalmaður og Karl Kristjánsson varamaður, samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

- 11. 1509016 – Vestfjarðavegur 60 milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi, tillaga að matsáætlun til umsagnar.**

Umsögn Reykhólahrepps, dagsett 14. október 2015.

Umsögn lögð fram til kynningar.

- 12. 1511006 – Þang- og þaratekja á Breiðafirði.**

Minnisblað vegna fundar sveitarstjóra með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 22. október 2015.

Lagt fram.

- 13. 1510008 – Svæðisskipulag fyrir Reykhólahrepp, Dalabyggð og Strandabyggð.**

Bókun af fundi Dalabyggðar þann 27. október og Strandabyggðar þann 10. nóvember.

Lagt fram. Bæði sveitarfélögin hafa samþykkt að vinna í sameiningu að svæðisskipulagi fyrir sveitarfélögin.

- 14. 1108013 – Umhverfissvottaðir Vestfirðir, EarthCheck.**

Tilkynning frá verkefnisstjóra um Bronsviðurkenningu (Bronze Benchmarking) til sveitarfélaganna á Vestfjörðum fyrir starfsemi sína árið 2014, dagsett 30. október 2015.

Lagt fram. Sveitarstjórn óskar starfsfólki sínu innilega til hamingju með viðurkenninguna og þakkar það starf sem það hefur lagt á sig til þess að færa sveitarfélagið nær umhverfissvottuðu sveitarfélagi, og Vestfjörðum öllum.

- 15. Fundur í framkvæmdaráði vegna umhverfissvottaðra Vestfjarða.**

SRB fór yfir fund sem haldinn var í framkvæmdaráði, um plastpokalaus Vestfirði, merkingar við þjóðveg, um umhverfissvottun Vestfjarða o.fl.

- 16. 1511009 – Hvernig verðum við tilbúin fyrir framtíðina?**

Boð á vinnustofu á Hótel Hilton 18. nóvember 2015, frá velferðarráðuneyti.

Lagt fram.

- 17. 1502027 – Fundargerð verkefnahóps BsVest 29. júlí 2015.**

Lagt fram.

- 18. 1502025 – Fundargerð 831. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Lagt fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

19. 1511019 – Styrkbeiðni vegna kaupa á björgunarbát.

ÁMG vék af fundi.

Erindi frá Björgunarsveitinni Heimamönnum dagsett 8. nóvember 2015.

Sveitarstjórn samþykkir að veita björgunarsveitinni 2 milljónir í styrk, 1 millj. árið 2015 og 1 millj. árið 2016. Fjármögnun þessa árs verði tekin af eigin fé. Fjármögnun næsta árs vísað í gerð fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða.

ÁGM kom aftur inn á fund.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 20.55.

_____	_____
_____	_____
_____	_____